JÁRNGERÐUR

1. tölublað 2021

Fréttir af mannlífi og málefnum bæjarins!

Ritstjóraspjall

Það er óhætt að fullyrða að frá því síðasta tölublað Járngerðar var gefið út hafi fjölmargt og stórmerkilegt drifið á daga okkar Grindvíkinga.

Við vorum löngu komin með nóg af jarðskjálftum og margir farnir út fyrir bæjarmörkin í leit að svefnfriði. Fyrirtæki um allt land buðu okkur tilboð í gistingu um það leiti sem ró sló loks á hristinginn.

Langflestir töldu eldgos í Grindavík mjög útópíska hugsun enda ekki gosið á Reykjanesskaganum í rúm 800 ár. Kvikan sýndi sig þó á gervitunglamyndum og færðist hún stöðugt nær yfirborði jarðar. Á sama tíma varð okkur Grindvíkingum ljóst að þetta gæti í raun og veru gerst.

Það er byrjað að gjósa

Í framtíðinni verður upphaf eldgossins í Grindavík okkur í fersku minni, sérstaklega hvar við vorum stödd. Svona eins og þegar John F. Kennedy var skotinn eða þegar flogið var á World Trade Center. Undirrituð var í sumarbústað, til að fá svefnfrið. Hálfsofandi við að sváfa syni mína þegar tengdamamma tilkynnti að eldgos væri byrjað í Fagradalsfjalli. Sjaldan hef ég verið jafnsvekkt að vera ekki heima hjá mér til að fara út og berja ljósbjarmann augum í minni heimabyggð! Samfélagsmiðlarnir sáu þó til þess að við sem ekki vorum heima misstum ekki af neinu.

Fyrsta myndin sem birtist opinberlega af eldgosinu í Fagradalsfjalli að kvöldi 19. mars 2021. Mynd: Veðurstofa Íslands

Stútfullt blað af skemmtilegu efni

Í þessu fyrsta tölublaði ársins 2021 munum við að skjálfsögðu fjalla um eldgosið í máli og myndum og ræða m.a. við formann landeigandafélagsins á Hrauni.

Mitt í öllu amstrinu og vinnunni við eldgosið stóð Slysavarnadeildin í Grindavík vaktina ásamt öðrum. Bæði Þorbjörn og Þórkatla stóðu sig ótrúlega vel í vöktun og viðbragði á svæðinu. Við ræðum við formann slysavarnadeildar Þórkötlu, Guðrúnu Kristínu Einarsdóttur sem þakkar samtakamátt Grindvíkinga hversu vel allt gekk.

Heilsuleikskólinn Krókur fagnaði í febrúar 20 ára starfsafmæli en rætt verður við þær Huldu Jóhannsdóttur, skólastjóra, og Bylgju Kristínu Héðinsdóttur, aðstoðarleikskólastjóra.

Þrjár ungar konur úr Grindavík standa að baki nýsköpunarfyrirtækinu Visttorgi, en um er að ræða þróun nýrrar tæknilausnar fyrir byggingariðnaðinn undir nafninu Vistbók. Við ræðum við þær um hvernig þær þróuðu gagnabanka með umhverfisvottuðum vörum fyrir byggingariðnaðinn.

Veitingastaðurinn Fish House sá sóknarfæri í eldgosinu. Ásamt því að þekja salinn með myndum af gosstöðvunum eru réttir á matseðlinum tileinkaðir eldgosinu.

BBQ kóngurinn Alfreð Fannar gaf út sína fyrstu bók í sumar og gefur lesendum góð grillráð.

Pálmar Örn Guðmundsson er fjölhæfur og snéri sér í sumar að málun svokallaðra portrait mynda. Við sjáum ferlið á andlitsmynd af fyrrverandi forseta Íslands, frú Vigdísi Finnbogadóttur.

Fráfarandi skólastjóri Grunnskóla Grindavíkur, Guðbjörg Málfríður Sveinsdóttir lítur yfir farinn veg og segir mikilvægt að allt samfélagið leggi metnað sinn í menntun unga fólksins.

Óskar Kristinn Vignisson hefur hlotið verðskuldaða athygli fyrir leikstjórn en hann fór á kvikmyndahátíðina í Cannes með fyrstu stuttmynd sína, Frie Mænd.

Helga Kristjánsdóttir er líklega þekktasta myndlistakona Grindavíkur en verk hennar seljast í miklu magni út fyrir bæjarmörkin og landsteinana.

í lok september voru Menningarverðlaun Grindavíkur 2021 afhent í Kvikunni. Í ár hlutu hönnunarhúsin VIGT og Kristinsson-handmade verðlaunin.

Ég vona að þú kæri lesandi njótir lestur blaðsins.

Kristín María Birgisdóttir, upplýsinga- og markaðsfulltrúi

JÁRNGERÐUR - fréttir af mannlífi & bæjarmálefnum
1. tbl. 2021

Ritstjóri, ljósmyndir og umbrot: Kristín María Birgisdóttir - **Prófarkalestur:** Andrea Ævarstóttir- **Prentun:** Stafræna prentsmiðjan.
Aðrar ljósmyndir: Úr einkasafni **Myndir af eldgosi:** Jón Steinar Sæmundsson, Ingibergur Þór Jónasson og Piotr Slawomir Latkowski **Forsíðumynd:** Piotr Slawomir Latkowski

Búseta og lífsskilyrði

Ný skýrsla Byggðastofnunar sýnir að Grindvíkingar eru einna ánægðastir með sína búsetu og telja jafnframt að lífsskilyrði sín hafi batnað mikið undanfarin ár.

Byggðastofnun gaf nýlega út skýrslu sem ber nafnið "Byggðafesta og búferlaflutningar." Niðurstöður skýrslunnar voru afrakstur spurningakönnunar sem gerð var meðal íbúa á höfuðborgarsvæðinu og í stærri bæjum á landsbyggðinni. Sérstaklega var lögð áhersla á að kanna búsetusögu, byggðafestu og búsetufyrirætlanir íbúa og áhrif atvinnu, menntunar, þjónustu og félagslegra tengsla á búsetufyrirætlanir þeirra íbúa sem könnunin náði til.

Skýrsla þessi er yfirgripsmikil og fyrir margra hluta sakir áhugaverð. Náttúran og umhverfið eru búsetuþættir sem skipta flesta máli hvað varðar búferlaáform. Ríflega helmingur þeirra sem flutti frá höfuðborgarsvæðinu til bæjarfélaga þar í kring nefndi kyrrð og ró sem þátt í ákvörðun sinni um að flytja.

Á heildina litið eru langflestir þeirra sem þátt tóku í könnunni frekar eða mjög ánægðir með búsetuna í sínu bæjarfélagi og hlutfall þeirra sem eru frekar eða mjög ánægðir er alls staðar yfir 80%. Þegar búsetuánægju er raðað eftir meðaltali eru eru Þorlákshöfn (96%) og Grindavík (94%) efst, en Hveragerði og Akranes koma næst þar á eftir.

Jafnframt var spurt hvort svarendur teldu lífsskilyrði almennt hafa batnað eða versnað í þeirra bæjarfélagi á síðustu árum. Á heildina litið eru mun fleiri landsmenn sem telja að lífsskilyrðin hafa batnað en ekki versnað á síðustu árum. Talsverður munur er þó á svörum eftir bæjarfélögum hvað þetta varðar, það er þegar horft er til þess hversu hátt hlutfall íbúa telur

Fannar Jónasson, bæjarstjóri

lífsskilyrði hafa batnað. Í efstu sætum eru Grindavík (83%) og Þorlákshöfn (81%).

Þó að skýrsla Byggðastofnunar hafi nýlega verið gefin út var spurningakönnunin sjálf framkvæmd á síðustu mánuðum ársins 2020. Mánuðina þar á undan höfðu jarðskjálftar og landris valdið usla í Grindavík og mörgum var mjög órótt vegna ástandsins. Í fljótu bragði hefði mátt ætla að þessir atburðir hefðu að einhverju leyti haft áhrif á viðhorf íbúa Grindavíkur til búsetu í bæjarfélaginu.

Framangreindar niðurstöður sýna engu að síður að íbúar Grindavíkur voru almennt ánægðir með búsetu og lífsskilyrði í bæjarfélaginu þegar könnunin var gerð og ánægjan var sú næstmesta á landsvísu.
Sem betur fer er eldgosið í Geldingadölum ekki stórt í sniðum í samanburði við flest önnur eldgos á Íslandi.

Ekki eru horfur á að byggðinni í Grindavík standi ógn af hrauninu meðan það heldur áfram að safnast upp í nágrenni við gíginn og lengi þarf gosið að vara til að sú staða breytist. Grindvíkingar ættu því að geta unað hag sínum vel í framtíðinni, ungir sem aldnir.

Senn hyllir undir verklok nýbyggingar við Hópsskóla, nýr leikskóli er á teikniborðinu og sama má segja um nýja félagsaðstöðu eldri borgara sem mun stórbæta aðstöðu til tómstundaiðkunar hjá þessum aldurshópi.

Hlíðarhverfi - nýtt byggingarsvæði fyrir íbúðabyggð er í undirbúningi og síðar á þessu ári verður byrjað að úthluta lóðum þar. Ekki veitir af því mikil eftirspurn hefur verið eftir nýjum lóðum og lóðaframboð orðið mjög takmarkað. Jafnframt hefur verið opnað fyrir umsóknir um lóðir undir atvinnurekstur á iðnaðarsvæðinu við Eyjabakka.

Grindavík er án efa heitasta bæjarfélagið á landinu um þessar mundir. Fólk kemur í þúsundatali í hverri viku til að skoða eldstöðvarnar og það er líflegt í bænum okkar. Ferðaþjónustan og fleiri atvinnugreinar njóta góðs af. Vonandi verður eldgosið einungis til góðs þegar upp er staðið og hraunið fyrst og fremst stórbrotinn minnisvarði um þann ógnarkraft sem býr í jörðinni undir fótum okkar hér á Reykjanesinu.

Fannar Jónasson bæjarstjóri

Fjörugur föstudagur

13. desember

Taktu daginn frá!

Miðvikudaginn 8. desember kl. 20

RITHÖFUNDAKVÖLD

KVIKUNNAR OG BÓKASAFNS GRINDAVÍKUR

Unnur Lilja Aradóttir – *Höggið*,
Benný Sif Ísleifsdóttir – *Djúpið* og
Hildur Knútsdóttir–*Myrkrið milli stjarnanna*
kynna nýútkomnar bækur sínar.

Aðgangur ókeypis og öll velkomin

Grindvíkingar sanna enn og aftur að við stöndum alltaf saman

Guðrún Kristín Einarsdóttir er formaður slysavarnadeildar Þórkötlu og hefur staðið í ströngu með stöllum sínum í félaginu frá því eldgosið hófst í Geldingadölum. Félagið hefur verið mjög öflugt í að sinna slysavarnaverkefnum eins og t.d. með könnun á öryggi barna í bílum, með gjöfum á vestum og endurskinsmerkjum til leik- og grunnskólabarna svo fátt eitt sé nefnt.

Guðrún Kristín Einarsdóttir er uppalinn Grindvíkingur og hefur búið hér alla sína ævi. Hún er að eigin sögn þriggja barna móðir, dóttir, systir, unnusta og slysavarnakona í húð og hár. Guðrún Kristín eða Gunna Stína eins og hún er kölluð hefur brennandi áhuga á að ferðast og njóta lífsins með fjölskyldu og vinum. Hún hefur staðið í ströngu með sínum félagskonum í Þórkötlu eftir að eldgosið hófst í Geldingadölum 19. mars sl. en gaf sér þó tíma til að svara nokkrum spurningum fyrir Járngerði.

Slysavarnakonurnar Þorbjörg Eðvaldsdóttir, Sólveig Steinunn Guðmundsdóttir og Svanhildur Káradóttir

Guðrún Kristín fremst með stöllum sínum í deildinni, t.v. Guðrún María, Petra Rós, Guðfinna, Aníta, Guðrún Kristín, Jóhanna. Emma og Jenný.

Hvernig myndir þú lýsa starfi Þórkötlu?

Slysavarnadeild Þórkötlu er öflug deild en í félagið eru skráðar 140 félagskonur. Af þeim eru, að sögn Gunnu Stínu 77 virkar, en 63 styrktarkonur. „Starf Þórkötlu felst aðallega í fjáröflunum fyrir björgunarsveitina Þorbjörn og hafa helstu fjáraflanir í gegnum tíðina verið að selja varning á Sjóaranum síkáta og 17. júní, fyrirtækjabakstur, kökubasar og sala á jólarósum í fyrirtæki á Aðventunni.

Við sinnum líka slysavarnaverkefnum í okkar nærumhverfi, til dæmis "öryggi barna í bíl," könnun sem er gerð við leikskólana og umferðarkönnun á helstu umferðargötum bæjarins. Við höfum gefið vesti og endurskinsmerki í leikskólana og skólana og björgunarvesti á bryggjuna, ásamt mörgum öðrum verkefnum.

Guðrún Kristín við Ellubúð uppi við gönguleið að gosinu.

Við erum alltaf með tvo félagsfundi á ári, á vorin er aðalfundur og svo erum við með haustfund sem hefur alltaf verið mikill skemmtifundur fyrir félagskonurnar, þar sem við fáum góðan gest til okkar, bjóðum upp á mat, happdrætti og fleira."

Finnið þið fyrir aukum áhuga á starfinu eftir að gosið hófst og störf félagsmanna Slysavarnadeildarinnar Landsbjargar fóru að vera eins áberandi og þau eru?

„Já alveg gríðarlega, like-síðan okkar á Facebook er að springa!

Það hafa fimm nýjar konur gengið í deildina síðan gos byrjaði og einnig eru nokkrar konur sem hafa verið óvirkar í einhvern tíma búnar að skila sér til baka. Sem mér finnst alveg æðislegt og við í stjórninni fögnum því."

Hversu oft ertu búin að fara upp að eldgosinu?

„Skammast mín pínu fyrir að segja það, en ég er bara búin að fara einu sinni en stefni að því að fara aftur fljótega. Það er bara búið að vera svo brjálað að gera hjá mér!"

Hvernig hefur gengið með Ellubúð?

„Það hefur sko gengið vonum framar,

Sigrún Harpa, Guðríður, Valdís Helga, Petra Rós (f. ofan), Emma, Sigrún (f. ofan) og Birta Rós

viðtökurnar hafa verið alveg gríðarlega góðar og þetta verkefni stækkaði heldur betur í höndunum á okkur fyrstu helgina! Planið var að láta bara reyna á þetta og núna erum við komnar í það að geta ekki lokað Ellubúð strax. Við fórum í þetta verkefni og ákváðum að taka einn dag í einu og erum búnar að gera það núna í mánuð og verðum eitthvað áfram.“

Hvernig hefur starfið verið á tímum Covid?

„Það er ekki hægt að segja annað en að það sé búið að vera mjög krefjandi. Þegar hertu aðgerðirnar voru settar á vikuna eftir að gosið byrjaði þá lögðust allir á eitt að gera þetta vel og gera þetta saman. Og það gekk mjög vel og sluppum við sem betur fer við að smit kæmi inn í starfið því það hefði sett allt úr skorðum hjá okkur og björgunarsveitinni.“

Tíminn til að ganga í Þórkötlu er núna

Gunna Stína segir að ef einhvern tímann sé tækifæri til að ganga í félagið þá sé það núna. „Við tökum vel á móti nýjum félagskonum og það er nóg af viðburðum og verkefnum framundan á nýju starfsári. Mig langar líka, fyrir hönd stjórnar og félagskvenna, að þakka öllum kærlega fyrir allan stuðninginn sem við höfum fengið frá upphafi. Fyrirtæki og einstaklingar í Grindavík komu færandi hendi með heitan mat, bakkelsi og alls konar aðstoð. Grindvíkingar sanna enn og aftur að við stöndum alltaf saman og að það er langbest að búa í Grindavík“, segir Gunna Stína að lokum.

Guðrún Kristín ásamt fjölskyldu sinni, Birni Steinari Brynjólfssyni, Einari Snæ, Óskari Loga og Sigrúnu Láru.

Í mikilli vaktatörn þarf að næra mannskapinn og auðvitað sáu Þórkötlur um það.



Bessastöður
11. apríl 202

Guðrún Kristín Einarsdóttir
formaður Slysavarnadeildarinnar Þórkötlu
[redacted]
240 Grindavík

Kæra Guðrún Kristín

Ég færi öllu liði slysavarnadeildarinnar þakkir fyrir mikilsvert framlag í almannaþágu eftir eldsumbrotin í grennd við Fagradalsfjall. Björgunar- og slysavarnasveitir létu strax til sín taka. Sjálfsagt var að almenningur vildi virða fyrir sér ægimátt náttúruaflanna og ganga að gosstað. Gott var að sjá hve mörg þeim hópi voru vel búin, vön útivist og erfiðum aðstæðum. Hitt var miður að í fjöldanum mátti finna fólk sem vanmat aðstæður og eigin getu, var illa búið og örmagnaðist á leið sinni. Þá mátti litlu muna og þá kom sér vel að við hér á landi getum reitt okkar á einvalalið sjálfboðaliða, undir öruggri stjórn reynslumikilla leiðtoga.

Síðan var tekið til við að stika leiðir, leggja bílastæði og tryggja öryggi fólks nærri eldgígum og sprungum. Í fljótu bragði ber mest á þeim sem eru á vettvangi en þau þurfa líka sitt athvarf og sína hressingu. Samvinna er lykilorð og þakklæti sömuleiðis.

Ég veit að þjóðin er mér sama sinnis í þessum efnum. Því mæli ég fyrir hönd okkar allra, íbúa landsins, þegar ég þakka ykkur í Slysavarnadeildinni Þórkötlu fyrir drjúg störf í almannaþágu og óska ykkur alls velfarnaðar, landi og þjóð til heilla.

Með góðri kveðju,

Guðni Th. Jóhannesson

Guðni Th. Jóhannesson

Þórkatla fékk sérstakt þakkarbréf frá forseta Íslands, Guðna Th. Jóhannessyni.

Meðlimir í Björgunarsveitinni Þorbirni við gosstöðvarnar.

Eysteinn Þór Kristinsson nýr skólastjóri við Grunnskóla Grindavíkur

Eysteinn Þór Kristinsson var í vor ráðinn til að gegna starfi skólastjóra Grunnskóla Grindavíkur. Eysteinn býr yfir víðtækri og yfirgripsmikilli kennslu- og stjórnunarreynslu. Hann hefur starfað hjá Nesskóla í Neskaupstað í rúm 30 ár og hefur hann gegnt stöðu skólastjóra síðustu þrjú árin. Árin áður var hann starfandi aðstoðarskólastjóri, deildarstjóri og kennari hjá skólanum

Eysteinn er menntaður íþróttakennari frá Íþróttakennaraskóla Íslands ásamt því að hafa lokið B.Ed gráðu frá Háskóla Íslands og Diplómu í stjórnun menntastofnana frá sama skóla.

Eysteinn Þór hóf störf við skólann hinn 1. ágúst sl.

Tónlistarskóli Grindavíkubæjar hlýtur hvatningarverðlaunin 2021

Tónlistarskóli Grindavíkubæjar hlaut í vor hvatningarverðlaunin 2021 sem fræðslunefnd veitir árlega. Verðlaunin fær skólinn fyrir þróun sína á Eftirfylgniaðferð í kennslu með notkun Showbie kerfisins.

Stjórnendur og kennarar skólans útfærðu og aðlöguðu Eftirfylgniaðferðina að tónlistarkennslu skólans.

Aðferðin þróaðist úr speglaðri kennslu og er notuð með hefðbundinni einkakennslu á hljóðfæri. Hún virkar þannig að kennari útskýrir fyrir nemandanum heimavinnuna á hljóðfærið, söng eða fræðigreinar og tekur það upp á spjaldtölvu um leið. Upptakan verður síðan aðgengileg fyrir nemandann eftir kennslustundina. Upptakan er einstaklingsmiðuð að þörfum og stöðu nemanda hverju sinni og hjálpar við heimanám því foreldrar/forráðamenn eða þeir sem aðstoða við heimanámið eru sjaldnast sérfræðingar í hljóðfærinu eða hljóðfæraleik. Þessi aðferð miðar að því að styðja nemendur við æfingar heima, jafnt á hljóðfæri sem og í fræðigreinum.

Við óskum Tónlistarskóla Grindavíkur innilega til hamingju með hvatningarverðlaunin 2021!

Formaður fræðslunefndar, Guðmundur Grétar Karlsson að færa Ingu Þórðardóttur, skólastjóra tónlistarskólans verðlaunin.

Grindvíkingar einna ánægðastir með búsetu sína

Íbúar Grindavíkur eru með þeim ánægðustu á landinu samkvæmt nýrri rannsókn Byggðastofnunar. Í rannsókninni var m.a. kannað viðhorf íbúa á höfuðborgarsvæðinu og í stærri bæjarfélögum á landsbyggðinni til búsetu.

Í skýrslunni kemur fram að ánægja virðist vera mest meðal íbúa Þorlákshafnar, Grindavíkur, Hveragerðis og Akraness en í Reykjavík austan Elliðaár, í Vogum og Borgarnesi er hlutfall þeirra sem segjast mjög ánægðir með búsetu sína talsvert lægra, eða undir 40%.

Grindavík í öðru sæti

Grindavík er í öðru sæti á eftir Þorlákshöfn þegar kemur að ánægju með búsetu eftir bæjarfélagi en 60% íbúa eru mjög ánægðir með búsetuna og 34% eru frekar ánægðir. Eftirtektarvert er að nánast enginn er mjög óánægður eða frekar óánægður í Grindavík.

Frá Krónikukvöldi á Bryggjunni í mars 2018. Það voru kynntar til sögunnar tvær nýjar bækur sem tengdust báðar Grindavík.

Betri lífsskilyrði

Í Þorlákshöfn og Grindavík er einnig hæsta hlutfall þeirra sem segja að lífsskilyrði hafi batnað á seinustu árum. Þegar spurt var hvort íbúar teldu að lífsskilyrðin myndu batna eða versna á næstu árum er Grindavík í öðru sæti á eftir Þorlákshöfn en 13% telja að þau muni batna mikið og 57% að þau muni batna nokkuð.

Bæjarbragur Grindavíkur er einstakur. Höfnin og grænn tún með sauðfé í haga er mikið aðdráttarafl.



Mynd 19. Ánægja með búsetu eftir bæjarfélagi.



Mynd 20. Breyting á lífsskilyrðum í bæjarfélaginu á síðustu árum.

Heilsuleikskólinn Krókur fagnar 20 ára afmæli

Heilsuleikskólinn Krókur fagnaði 20 ára starfsafmæli þann 5. febrúar sl. Þær Hulda Jóhannsdóttir leikskólastjóri og Bylgja Kristín Héðinsdóttir aðstoðarleikskólastjóri hafa unnið saman við skólann frá upphafi. Þær segjast vera ólíkar en vega hvor aðra upp í störfum sínum. Þær fóru yfir farinn veg og ræddu skólastarfið og áskoranir þess í nútímasamfélagi.

Þær Hulda og Bylgja Kristín hafa verið stjórnendur skólans frá upphafi. „Við erum gott teymi og vegum hvor aðra upp í starfi okkar hérna. Þetta er búin að vera ánægjuleg vegferð og fjölmörg verkefni sem við höfum verið með í þróun sem við erum mjög stoltar af."



Vel mannaðar

Þær líta yfir farinn veg með hlýhug og segja vegferðina hafa verið ánægjulega. „En fyrst þegar við byrjuðum voru mjög fáir fagmenntaðir og eitt árið okkar, líklega á þriðja eða fjórða starfsári okkar þá vorum við einu fagmenntuðu manneskjurnar hér í skólanum allan veturinn. En í dag erum við með 8 fagkennara á „gólfinu" eins og við segjum, ein í fæðingarorlofi og svo eru tveir nemar sem eru að læra leikskólakennarann, en þegar mest var um fagmenntun þá vorum við ellefu. En við erum ágætlega mannaðar m.v. að það vantar leikskólakennara um allt land. Svo finnur maður líka mun þegar það eru kennarar og ekki kennarar. Það er meira álag á okkur að skipuleggja og halda utan um starfið, heldur en þegar það eru fleiri fagmenntaðir aðilar. En við höfum alltaf verið með góðan grunn og góða leiðbeinendur."

Leiðbeinendur fara í nám og koma aftur

„Við áttuðum okkur fljótlega á að leikskólakennarar kæmu ekki af himnum ofan, þannig að þegar við sjáum góða kandídata þá förum við að ýta við fólki. Flestir þeir sem eru með fagþekkingu hjá okkur byrjuðu sem leiðbeinendur, fóru í nám og komu aftur inn. Við áttuðum okkur á því að við þyrftum að búa þá til. Sveitarfélög þurfa líka að átta sig á því að það þarf að styðja fólk til náms og líka skólana, svo þetta sé hægt. Nú er þriðji leikskólinn að opna eftir 2 ár og þá þarf fólk til að manna hann af leikskólakennurum."

Heilbrigð sál í hraustum líkama

„Okkar markmið í upphafi var að vera heilsusamlegur leikskóli og fundum stefnu sem passaði við það sem við vorum að gera, heilsustefnu Unnar Stefánsdóttur. Síðan höfum haldið áfram að sækja okkur verkfæri, eins og Grænfánaverkefnið, samskiptastefnu, Hjálparhendur og Blær og annað sem passar inn í okkar hugmyndafræði."

Alltaf verið með skýra sýn

„Við höfum alltaf verið með skýra sýn og það hefur verið okkar sterkasta vopn, við höfum alltaf vitað hvert við vildum stefna. Við höfum aldrei farið út af þeim vegi. Við sækjum okkur verkfæri á leiðinni. Það er auðveldara í dag að fá tilbúið námsefni fyrir börn og það er auðveldara fyrir okkur. En heilbrigði hefur alltaf verið stefna hjá Króki. Við lögðum áherslu á að vera með skipulagða hreyfingu í okkar starfi og hollt fæði og svo góð samskipti."

Brautryðjendur í heilsustefnu leikskóla

„Við vorum búnar að vera starfandi í um 3 ár þegar við sátum heilsuráðstefnu Unnar Stefánsdóttur. Þetta var eiginlega alveg mögnuð stund, við Bylgja sátum og hlustuðum og lítum svo hvor á aðra og sögðum „þarna er þetta". Við fórum mikið í heimsóknir og fórum að tala við Unni um að stofna samtök og fá fleiri leikskóla inn og í dag eru 25 heilsuleikskólar á landinu með heilsustefnu. Við vorum annar skólinn á landinu sem fór í þessa heilsustefnu enda var markmið okkar þegar við hófum þessa vegferð að við viljum vita hvað við erum að borða. Einu sinni þegar við vorum að elda, hérna á fyrstu árunum okkar kom ég inn í eldhús og sá að það var appelsínugul fita sem rann af snitselinu. Þá ákvað ég að svona tilbúinn og unninn mat vildi ég ekki fá aftur inn í leikskólann. Hvað var það sem gerði þetta svona appelsínugult? Síðan ákveða Skólar, eigendur Króks að gera næringarstefnu með næringarfræðingi. En áður en það var gert þá komu alltaf næringarfræðingar og skoðuðu matseðlana. Síðan fór Unnur Stefánsdóttir að vinna hjá Skólum en áður var hún skólastjóri í Kópavogi en þessi heilsusýn var henni mikil ástríða og hún bjó þessa heilsustefnu til þar."

Vistunartími barna breyst mikið síðustu 20 ár

„Það er eitt sem mig langar að koma inn á sem hefur mikið breyst síðan við opnuðum en það er vistunartími barna. Fyrst þegar við byrjuðum þá var skólinn tvísetinn fyrstu árin. Það var oft flókið og erfitt. Einu sinni vorum með yfir 130 skráð börn sem komu fyrir og eftir hádegi og svo kom svokallaður „skörunartími" sem gat verið mjög flókinn," segir Bylgja.

Opnun yfir sumartímann ekki góð hugmynd

„Við prófuðum einu sinni að koma til móts við þá sem vildu hafa opið yfir allt sumarið en það hentaði alls ekki vel, reynsla okkar var þannig að við myndum aldrei aftur vilja fara í það." Hulda segir það hafa bitnað mest á börnunum.

„Og ég gleymi aldrei að það kom til mín móðir sem hafði verið hjá mér þegar ég vann sem kennari á Laut. Hún fór í frí í júní og kom með barnið á leikskólann í júlí og barnið hennar bara fraus við að koma inn á leikskólann. Það var ekki að koma inn á sína deild, kennarar þess barns voru í fríi. Þá sagðist sú móðir skilja hvað verið væri að meira með að hafa ekki opið í júlí. Raunin var síðan sú að það voru örfá börn hérna í júlí og þá er þetta ekki lengur skóli heldur gæsla. Við gátum bara verið með tvær deildir opnar af 4, því okkar starfsfólk þarf sitt sumarfrí. Þannig að þegar börn voru að koma úr sínu sumarfríi þá voru þau ekki að koma inn í það umhverfi sem þau þekktu. Þannig að börn þurftu oft aðra aðlögun. Þannig að þegar við fórum til baka, í að vera bara með alla í sumarfríi í júlí þá voru flest allir foreldrar ánægðir með það."

Umræðan þarf líka að snúa að atvinnulífinu

Bylgja segir að alltaf komi þessi umræða upp og þá sé krafan á að leikskólinn bregðist við atvinnulífinu. En hún megi líka snúa í hina áttina. „Getur atvinnulífið ekki komið til móts við foreldra sem eru með ung börn , þú ert ekki með ung börn alla þína starfsævi. Við viðurkennum það og foreldrar ungra barna fá að taka sumarfríið sitt þegar leikskólinn lokar. Það hentar börnunum best að þau fari öll í frí á sama tíma og að þetta hafi upphaf og endi alveg eins og annað skólastarf því þetta er líka skóli.

Vistunartíminn hefur lengst

„Það var erfitt að vera með hann tvísetinn en það er líka erfitt núna því börn eru núna í átta til átta og hálfan tíma á leikskóla. Þetta er langur tími fyrir ung börn. Við vorum mjög stoltar af því fyrir nokkrum árum þá gátum við sagt að um 40% barna færu af leikskólanum fyrir 14:00. Þannig var samfélagið hérna í Grindavík, en það hefur auðvitað breyst og við skiljum það svo sem. Það eru margir foreldrar núna sem vinna ekki í sveitarfélaginu. En þetta er umhugsunarvert í samfélaginu almennt.“

Stytting vinnuvikunnar

„Við teljum mikilvægt að stytta okkar vinnuviku en á meðan eru börnin ennþá í 40 stunda vinnuviku, en við viljum fá 36 stunda viku. Það er svo gott að hugsa þetta út frá því. Líka hugsa þetta úr frá því að rými barna á leikskóla sé of lítið. Börn eru 8 klukkustundir á dag inni í stofnun þar sem þú ert jafnvel ekki með nógu mikið pláss, það eru oft of mörg börn. En það er núna búið að setja markmið um að börn verði aðeins færri í hverju rými.“

Fjölmörg þróunarverkefni hafa verið í vinnslu hjá þeim enda vilja þær ekki alltaf vera að gera það sama. „Við ígrundum vel og tölum mikið saman og hvort þær hugmyndir sem upp koma henti þeirri stefnu sem sé við lýði eða hvort þetta sé samkvæmt stefnunni. Gott dæmi er verkefnið Hjálparhendur. Allir skólarnir þrír hérna í Grindavík byrjuðu með það en hinir skólarnir hafa þó ekki haldið þessu markvisst við eins og við. Þetta er einfalt verkefni sem gengur út á samkennd.. Oft þegar nemendur okkar eru komnir í Hópsskóla þá fáum við spurningar frá kennurum þar hvað krakkarnir séu þá að gera því þau halda þessu áfram þótt þau séu búin með leikskólann. En svo hætta þau þessu.“

Hvernig virka hjálparhendur?

„Hjálparhendur virka þannig að ef ég lem þig og þú ferð að gráta þá kemur kennarinn og spyr hvað sé í gangi og þú útskýrir að ég hafi lamið þig, þá segir kennarinn „æj það var leiðinlegt, Hulda viltu koma og rétta henni hjálparhönd?“ En ég verð að vilja það og sá sem verður fyrir því verður að vilja það, og ef það er samþykki beggja aðila þá kemur viðkomandi og setur höndina undir og yfir þann stað sem viðkomandi meiddi sig á, báðir loka augunum og hugsa fallega til hvors annars. Það eru rannsóknir að baki þessarar aðferðar og þá er sýnt að viðkomandi aðilar eru ekki að fara upp á kant á næstunni þar sem búið er að mynda samband á milli sem er jákvætt og lýsir þessari samhyggð.”

Leikur barnanna mikilvægur

„Það hefur alltaf verið mjög sterk sýn á leik barnanna hjá okkur. Leikurinn er aðal námsleiðin, að þetta sé leikur á þeirra forsendum og við séum ekki alltaf að stýra og stjórna. Við erum búin að vera þróa hann í 20 ár og höfum verið að fara ýmsar leiðir í því og erum svo alltaf að skoða hvernig það er að ganga. Við vorum með val hjá eldri börnum, þar sem þau völdu með myndum en núna erum við komin í að þau fara bara sjálf á milli. Það gengur bara ótrúlega vel. Dagurinn er mikið leikur þar sem þau velja sér viðfangsefnið. Kennarar eru á svæðinu, en það eru alltaf ákveðin viðfangsefni í boði. Þetta er svokallað flæði, þar sem börn fara inn í leikinn og stjórna sér alveg og fá að þróa sinn leik eins og þau vilja. Við byrjuðum áður í hópastarfi og svona stýrðu vali en vorum ekki lengi í því. Þar sem sá síðasti hafði í raun ekkert val því það var bara eitthvað eitt eftir. Við erum búin að fara margar leiðir á leiðinni en erum núna komnar í þetta algjörlega frjálst val. Hræðslan var fyrst, fara þau þá ekki öll í kubbana? Eru þau þá ekki bara öll þar? En börn nenna því ekkert, þau nenna ekki að vera 20 saman á sama stað, þau eru svo flínk. Þau finna ef þau ná ekki að njóta sín. Þau gera þetta því bara sjálf og það er dásamlegt að fylgjast með því. Svo leyfum við byggingum að standa, eins og í kubbunum, það er ekkert „jæja allir ganga frá.“ Þannig að þau geta farið út að leika og komið svo inn og haldið áfram. Við erum oft að leyfa þeim að halda þessu út alla vikuna. Göngum ekkert frá fyrr en á föstudögum. Leyfum þessum stóra efnivið bara að vera.“

Leikskólastarf byggir á samskiptum

„Samskiptin eru regnhlífin okkar og svo kemur allt annað undir hana. Samskiptin eru svo mikilvæg. Við skoðuðum mjög margar stefnur í samskiptum, bæði innlendum og erlendum. Og þetta gerum við, við mátum okkur inn í stefnur og athugum hvort þær henti okkur. Velgengni okkar er mikið því að þakka hversu vel við ígrundum hvort hinar og þessar stefnur henti okkur eða ekki. Það skiptir nefnilega svo miklu máli að halda út. Að byrja bara ekki og hætta svo. Við ákváðum því að innleiða jóga því þar var sem margt sem hjálpaði börnunum. Kenna þeim að anda og slaka á. Við byrjuðum því á að vinna okkar stefnu út frá jógafræðum. Og nemendur okkar hafa verið að stunda jóga í mörg ár eftir það. Svo fórum við að skoða hversu vel við pössuðum upp á að vera heilsueflandi skóli og við tikkuðum í öll boxin. Meira að segja geðheilsuþátturinn sem er stærsti þátturinn, þar tikkuðum við 97% inn og það var út af Rósemd og umhyggju samskiptaverkefninu okkar. Við vorum oft að ræða félagslegan þátt en núna tölum við bara um geðrækt, sem þetta er náttúrulega og er svo ofboðslega mikilvægt.“

Lítil starfsmannavelta

„Við erum með frábæran starfsmannahóp og það er lítil starfsmannavelta hjá okkur, og hefur verið frá upphafi. Við erum búin að vera með ákveðinn kjarna sem hefur tryggt stöðugleika. Það skiptir okkur miklu máli. Hópurinn er mjög samstilltur, við hlökkum alltaf til að fara í vinnuna og fólki líður almennt vel. Í seinni tíð hefur verið hugað ennþá meira að starfsmannahópnum. Við erum með bókasafn hérna með sjálfsræktarbókum og hugum meira að því. Því öll starfsemin hvílir á starfsmannahópnum. Við erum líka búin að vera með frábæran foreldrahóp í gegnum tíðina og auðvitað yndisleg börn“ segja þær Hulda og Bylgja Kristín að lokum.

Rósa Dögg Þorsteinsdóttir, Berlind Ómarsdóttir og Svala Jónsdóttir. Styrkur úr Hönnunarsjóði fyrir „Vistbók – verkfæri fyrir sjálfbærari byggingariðnað.“ 12.03.2021. Mynd höf: Aldís Pálsdóttir

Þróuðu gagnabanka með umhverfisvottuðum vörum fyrir byggingariðnaðinn

Þrjár ungar konur úr Grindavík standa að baki nýsköpunarfyrirtækinu Visttorgi en um er að ræða þróun nýrrar tæknilausnar fyrir byggingariðnaðinn undir nafninu Vistbók.

Teymið skipa þær Svala Jónsdóttir, innanhússarkitekt, Rósa Dögg Þorsteinsdóttir lýsingarhönnuður og Berglind Ómarsdóttir hugbúnaðarsérfræðingur. Vistbókinni er ætlað að einfalda öllum þeim sem vilja kaupa umhverfisvottaðar vörur á heimili sitt leitina að slíkum vörum á markaði. Vistbókin er fyrst og fremst þróuð til að hjálp fagaðilum í byggingariðnaði hvort sem það eru hönnuðir mannvirkja, verktakar, eigendur, sveitarfélög eða ríki, allt utanumhald þegar ráðist er í umhverfisvottaðar framkvæmdir s.s eins og Svansvottun eða Breeam vottun og útreikning á kolefnisspori bygginga. Á það bæði við um nýbyggingar og endurgerð. „Markmiðið er að Vistbók verði gagnabanki með öll umhverfisvottuð byggingarefni á íslenskum markaði, öll tækniskjöl og upplýsingar sem fagaðilar þurfa í vottun. Engin slík lausn er til fyrir íslenskan byggingarmarkað né eru aðrir erlendir gagnabankar í notkun af þeirri ástæðu að þeir eru ekki gerðir fyrir íslenskan byggingarmarkað. Svona gagnabanki er undirstaðan fyrir því að við getum hraðað þeirri byltingu í byggingartækni sem þarf að vera á næstu árum svo byggingariðnaðurinn geti tekið þátt í minnkun á kolefnisspori og við hér á landi byggt grænni framtíð sem leiðir af sér sjálfbærara samfélag,“ segir Svala, einn af stofnendum Visttorgs.

Hulda Birna Kjærnested Baldursdóttir verkefnastjóri Nýsköpunarmiðstöðvar ásamt Svölu Jónsdóttur og Rósu Dögg Þorsteinsdóttur við undirritun Stjörnusprotasamnings

Hugmyndin kviknaði sumarið 2019 þegar Svala var að vinna að umhverfisvottuðu verkefni og var að leita eftir upplýsingum um hvaða byggingarefni mætti nota í verkefnið. Hún setti sig í sambandi við Rósu Dögg, sem var þá og er enn formaður félags húsgagna- og innanhússarkitekta til að komast að því hvort til væri gagnabanki með umhverfisvottuðum vörum en komst að því að það væri ekki til hér á landi. Þess í stað þurfa því allir í byggingargeiranum að hringja ótal símtöl til söluaðila og framleiðenda til þess að afla upplýsinga. Við fórum því í sameiningu að vinna að þessari viðskiptahugmynd og fengum Berglindi til liðs við okkur mjög fljótt til að sjá um forritunina á Vistbók.

Fjölmargar viðurkenningar

Verkefnið hefur hlotið mikla athygli en það fékk t.a.m. styrk frá Nýsköpunarmiðstöð Íslands í nóvember 2019 sem kallast Stjörnusprotar. „Styrkurinn miðar að því að styðja fyrirtæki/frumkvöðla um

leiðsögn og faglegan stuðning í gegnum fyrstu skref frumkvöðla. Sumarið 2020 fengum við síðan hæsta mögulega styrk úr Hönnunarsjóði Íslands í aukaúthlutun sjóðsins. Við fengum síðan aftur úthlutað úr sjóðnum núna í mars 2021 fyrir Vistbók sem við erum að vinna að þessa dagana."
Í sama mánuði fékk Svala fyrstu verðlaun fyrir bestu viðskiptahugmyndina í nýsköpunarhraðli Háskóla Íslands og bandaríska sendiráðsins sem hún tók þátt í fyrir hönd Visttorg teymisins. Einnig hefur verkefnið verið á lista Poppins & Partners yfir áhugaverð startup fyrirtæki 2020 sem vert er að fylgjast með en þau veittu okkur ráðgjöf í okkar fyrstu skrefum.

Er opinberi markaðurinn og einkageirinn að taka vel í ykkar hugmyndir?

„Já mjög svo. Það bíða hreinlega allir eftir þessu en við höfum verið í samstarfi við Byko um að gera frumgerð af Vistbók sem er nú tilbúin. Nú erum við að vinna við að bæta við fleiri söluaðilum og erum að vona að þetta verði komið af stað með leitarvél í gagnabankanum fyrir október á þessu ári. Bæði söluaðilar byggingarefna og fagfólk í iðnaðinum er orðið þreytt á því að eyða svo miklum tíma í að leita af upplýsingum sem þarf til sönnunar að byggingarefnið sé umhverfisvottað. Nú mun þetta allt liggja inn á Vistbókinni og vera aðgengilegt fyrir alla. Við erum einnig að taka virkan þátt í verkefni á vegum Húsnæðis- og mannvirkjastofnunnar og Samtaka iðnaðarins sem kallast „Byggjum grænni framtíð." „Byggjum grænni framtíð" er samstarfsverkefni stjórnvalda og hagaðila byggingariðnaðarins um vistvænni mannvirkjagerð
en það á meðal annars rætur sínar að rekja til aðgerðar C.3 í aðgerðaáætlun stjórnvalda í loftslagsmálum. Við tókum þátt í vinnuhópum ásamt fjölda annarra sem starfa í byggingageiranum og fórum yfir hvaða aðgerðir þarf til þess að gera betur í að ná þessum markmiðum.

Eru til sambærileg "concept" og ykkar erlendis?

„Já það eru til gagnagrunnar erlendis t.d. í Bandaríkjunum, Svíþjóð og Danmörku sem eru með umhverfisvottuð byggingarefni en ekki nákvæmlega sama concept og okkar. Visttorg er miklu meira en bara gagnagrunnur og heldur utan um bæði fagfólk og eigendur fasteigna. Við lítum á íslenskan markað sem tilraunamarkað og erum á sama tíma að safna í stærsta gagnabanka umhverfisvottaðra byggingarefna í heimi."

Hver er draumastaða Visttorgs?

„Markmiðið hefur alltaf verið að verða tæknifyrirtæki á heimsmælikvarða sem þróar nýjar lausnir fyrir grænni byggingariðnað. Vistbók er bara fyrsta skrefið í þessari vegferð okkar og við höfum ávallt borið okkur saman við nýsköpunarfyrirtæki líkt og Dohop, Meniga og Grid og sækjum ráðgjöf til annarra aðila sem undan okkur hafa gengið í gegnum klasa hér á landi. Það er ómetanlegt að hafa fjölmörg íslensk fyrirtæki sem eru í nýsköpun og náð hafa góðum árangri á heimsvísu."

Hvað hefur komið ykkur mest á óvart í þessu ferli?

Fyrir okkur sem nýgræðinga í nýsköpun kom mest á óvart hvað það er mikill stuðningur í boði og allir tilbúnir að hjálpa. Við höfum sótt okkur mikla hjálp t.d til Heklunnar hér á Suðurnesjum, Fjártækniklasans og fjölda annarra sem hafa reynslu af nýsköpun, alltaf höfum við fengið góð ráð og hvatningu. Annað sem hefur komið okkur á óvart er hversu hratt umhverfisvitund, þekking og áhugi almennings á að velja t.d gólfefni, innréttingar, málningu o.fl. inn á heimili sitt sem eru umhverfisvottuð og innihalda því ekki hormónatruflandi né fleiri skaðleg efni og einnig áhugi á að byggja Svansvottuð hús hefur vaxið á síðustu tveimur árum. Ríki og sveitarfélög eru í mikilli vinnu við að skoða hvernig hægt er að koma til móts við aðila sem vilja byggja vottaðar byggingar t.d í formi afsláttar á gatnagerðargjöldum og lægri skatt á vottaðar vörur. Einnig höfum við tekið eftir hvað það er mikið af umhverfisvottuðum vörum í boði á íslenskum markaði en minna verið að markaðssetja þau sem slík, því eru mikil tækifæri í að byggja upp markað á umhverfisvottuðum byggingarvörum hér á landi því hann er svo sannarlega til staðar og ekki alltaf á hærra verði. Við erum oft að velja umhverfisvænni vörur en vitum ekki endilega af því. Við höfum því einnig séð tækifæri í því að fræða almenning um umhverfisvottuð efni þegar það notar Vistbók og vera hvatning fyrir söluaðila bæði hér á landi og erlendis í að auka úrval af umhverfisvottuðum byggingarefnum í sölu heldur en öðrum."

Svala Jónsdóttir tekur á móti verðlaunum en Visttorg hlaut 1.verðlaun í 10 vikna nýsköpunarhraðli Háskóla Íslands og bandaríska sendiráðsins sem lauk með lokahófi þann 12.03.2021. Með Svölu á myndinni eru þær sem fengu 2. og 3. verðlaun, Aníta Þórunn Þráinsdóttir og Margrét Polly Hansen. Mynd höf: Kristinn Ingvason

Eldgosið komið upp á vegg og réttir á matseðli tileinkaðir gosinu

Kári Guðmundsson, eigandi Fish House nýtti tímann þegar allt lokaði vegna Covid í endurbætur á veitingastaðnum. Ásýnd staðarins er gjörbreytt frá því sem áður var en auk þess að laga alla famhliðina á staðnum gerði hann miklar endurbætur innandyra.

Kári segir að ákvörðun um að breyta staðnum hafi verið tekin áður en heimsfaraldurinn skall á. „Við vorum búin að ákveða að breyta staðnum fyrir Covid, við ætluðum að breyta og skipta út gólfefninu. Við fórum í það í febrúar í fyrra og settum vinyl parket á gólfið.

Síðan þegar Covid skellur á þá lokum við alveg. Þá settist maður niður og lét hugann reika, þá var tekin ákvörðun um að taka barinn í gegn. Hann var rifinn niður. Vinnuaðstaðan er þannig orðin miklu betri, við tókum hækkunina sem var fyrir innan, þar sem ganga þurfti upp og svo aftur niður í eldhúsið. Núna erum við komin í sömu hæð og miklu stærri og hentugri vinnuaðstöðu. Í framhaldinu eru búnar að vera ýmsar pælingar, það er búið að vera rólegt. Síðastliðið haust var ákveðið að huga að framhliðinni því hún var orðin lúin, hurðar orðnar lélegar og gluggar líka. Ég endurnýjaði því allt og setti nýja klæðningu.“

Síðan fór að gjósa í Grindavík og þá segir Kári að fleiri hugmyndir hafi kviknað. Gosið hafi þannig veitt innblástur bæði í útlit staðarins og á matseðli. „Þá ákváðum við að fara í þessar pælingar og setja upp myndir. Við höfðum samband við Enso en þeir eru með sérstaka hljóðvistadúka sem þeir seta bæði í loft og veggi. Upphaflega ætlaði ég að vera með eldgosamyndir á filmu en þegar ég sá útfærslu hjá þeim þar sem landslagsmynd var prentuð á svona hljóðvistardúk þá ákváðum við að fara þessa leið.“

Kári Guðmundsson, eigandi Fish House

Eldfjallið, sterkur hamborgari sem hefur fengið mjög góð viðbrögð.

Kryddhjúpuð langa, réttur sem væntanlegur er á matseðil.

Dyngjan, pístan á matseðlinum dregur nafn sitt af mögulegu dyngjugosi.

Í febrúar festi Kári kaup á húsnæðinu vestan megin við Fish House. „Við erum nýbúin að fá þetta afhent og þar eru líka ýmsar pælingar með það húsnæði eins og að stækka Fish House. Eldgosið setur strik í reikninginn og við erum að reyna að finna út hvað best sé að gera í sambandi við það. Hversu mikil aukning verður á ferðamanninum? Verður þörf á auka sal? Við erum farin að fá einhverja hópa, 20-30 manns. Stærri hópar eru kannski ekki að fara að koma alveg strax vegna Covid.

Hverju myndir þú mæla með að fólk færi fyrst að skoða hérna á svæðinu fyrir utan eldgosið?

Hópsnesið, síðan myndi ég mæla með Brimkatli og Selatöngum. Bótin hefur sinn sjarma. Náttúran og umhverfið, hraunið og hafið. Fólk áttar sig oft ekki á því hvað við höfum upp á mikið að bjóða. Maður þarf oft ekki að finna annað en kraftinn úr náttúrunni, hafið og eldgosið til að finna hversu mögnuð náttúran er hér á Reykjanesinu.

Hótel í hafnarminninu

„Ég hef talað fyrir því að hótel ætti að vera við innsiglinguna, fólk hristi hausinn yfir þessari hugmynd á þeim tíma. Það myndi koma sér vel núna vegna ferðamannastraumsins út af eldgosinu. Þrátt fyrir að gosið hætti þá mun ferðamaðurinn koma og skoða nýja hraunið. Þetta mun draga að sér ferðamenn næsta árið. Hótel í hafnarminninu væri einstakt á heimsvísu.“

Matseðillinn með tengingu í eldgosið

„Við byrjuðum strax eftir að gosið hófst þá fórum við af stað og vorum með hamborgara sem við köllum Eldfjallið og hann þykir einstaklega góður. Hann er sterkur, rífur aðeins í en ekki of mikið. Það var ekki hægt að stoppa þar, því við erum líka með pítsaseðil og erum með pítsu þar sem við köllum Dyngjuna, þar sem þetta kann að vera dyngjugos. En pítsan er aðeins „spicy“. En svo er væntanlegur fiskréttur á seðilinn, kryddhjúpuð langa. Þessi réttur er geggjaður.”

Hverju ertu stoltastur af í Grindavík?

„Náttúrunni. Þú labbar út úr húsinu og þú ert orðinn einn eftir 5 mínútna labb. Þetta eru forréttindi.“

Anddyrið er með áprentuðum hljóðvistunardúk frá Enso.

Miklar endurbætur hafa orðið innandyra, nýjar veggklæðningar og nýtt gólfefni.

Kunni varla að sjóða pylsur

Grindvíkingurinn Alfreð Fannar Björnsson hefur hlotið verðskuldaða athygli fyrir færni sína á grillinu. Hann byrjaði að vekja athygli á Instagram en í kjölfarið var honum boðið að vera með eigin þætti á Stöð 2 undir merkinu BBQ kóngurinn. Nú hefur hann gefið út 200 bls. grillbók með öllum sínum bestu uppskriftum og ráðum.

Alli, eins og hann er kallaður, hefur þegar hafið framleiðslu á vinsælum kryddblöndum sem hægt er að versla t.d. í Kjötkompaní.

Alli er í sambúð með Kristínu Evu Bjarnadóttur, kennara við Grunnskóla Grindavíkur og saman eiga þau soninn Björn Þór sem var að klára 3. bekk. Alli segist vera mikill dellukall og fer „all in" í því sem hann hefur áhuga á hverju sinni. Nú sé það grilldellan sem eigi hug hans allan en hver veit hvað taki næsti við.
Hann kunni varla að sjóða pylsur áður en áhuginn á eldamennsku á grilli kviknaði. En áhuginn kviknaði eftir að Alli horfði á grillþætti á Netflix. Í kjölfarið ákvað hann að prófa sig áfram sjálfur og er núna þekktasta nafnið í grillbransanum á Íslandi.

„Áhuginn á eldamennsku og grilli byrjaði c.a. árið 2017 eftir að ég horfði á grillþætti á Netflix og fannst þetta mjög áhugavert og langaði að prófa sjálfur. Þá lagði ég byssudelluna á hilluna og fór að grilla. Ég hef ekki alltaf verið matgæðingur það byrjaði bara þarna 2017. Ég kunni varla að sjóða pylsur."

Aðspurður hvað sé hans uppáhaldsgrill segist hann eiga erfitt með að gera upp á milli „barnanna" sinna. „Ég verð að segja flaggskipið í kolagrillum sem er Webber Summit sem er eitt besta grill sem ég hef átt."

Hvernig kom það til að þú ákvaðst að gefa út bók?
„Þetta hefur verið í bígerð lengi en ég hef verið að skrifa upp eina og eina uppskrift í nokkur ár, svo var það félagi minn, hann Fannar, sem var drifkrafturinn í því að fara með þetta lengra og búa til bók en hann er einmitt útgefandinn af bókinni."

Hvaða ráð hefurðu til þeirra sem vantar hugmyndir á grillið?
„Ég mæli auðvita með kjötlínunni minni sem er unnin í samstarfi við Kjötkompaní og verður til sölu í Krónunni. Svo eru öll helstu ráð í bókinni ásamt c.a. 100 uppskriftum."

Hvað er það furðulegasta sem þú hefur sett á grillið?
„Það furðulegasta sem ég hef sett á grillið eru svið, það eru kannski ekki margir sem grilla þau."

Þau eru ófá grillin á heimili Alfreðs Fnnars, Webber, bæði kola- og gasgrill.

Hvað langar þig mest til að prófa að grilla? Er eitthvað sem þig langar að prófa sem þú hefur ekki gert áður?
„Mig langar að prófa að grilla heilt svín eins og þeir gera í Ameríku. En ég prófaði um daginn að grilla hálft lamb sem ég reif niður og setti ofan á naan brauð ásamt grænmeti og geggjaðri hvítlaukssósu, það var ótrúlega gott.

Hvað er furðulegasta matar „combó" sem þú hefur smakkað?
„Furðulegasta matar „combó" sem ég hef smakkað er ábyggilega hvítlauksristaðir sniglar sem voru reyndar mjög góðir.

Hvað er mikilvægt að eiga ef maður ætlar að grilla meira en bara pylsur og hamborgara?
„Eiga góðan hitamæli númer 1, 2 og 3 og hugsa vel um grillið sitt."

MENNINGARHÚSIN

HAUST 2021
DAGSKRÁ

Foreldramorgnar
Kvikan er opin foreldrum ungra barna alla **föstudagsmorgna kl. 10.00.** Þar gefst tækifæri til að setjast niður og spjalla saman í notarlegu umhverfi. → Fylgist með á kvikan.is

Fimmtudagssmiðjur
Kvikan er opin börnum á grunnskólaldri sem geta unnið sjálfstætt að sinni listsköpun alla **fimmtudaga kl. 14.30 — 16.30.** Af og til kíkja góðir gestir í heimsókn. Fylgist með á kvikan.is

Bókasafnsdagurinn
Bóksafnsdagurinn verður haldinn hátíðlegur **8. september** á bókasöfnum um allt land. Vakin er athygli á öllu því mikilvæga starfi sem unnið er á bókasöfnum og nauðsyn þeirra fyrir samfélagið. Á **Bókasafni Grindavíkur** er dagurinn sektarlaus. Lánþegar geta þá skilað bókum og fengið sektir á þeim felldar niður.

VHS kreíst virðingar
VHS er einn vinsælasti grínhópur landsins um þessar mundir. Hópurinn sýnir glænýtt grín í **Kvikunni 15. september kl. 20.00.** Hópurinn lofar frábærri stemmingu en sætaframboð er takmarkað. Miðasala fer fram í Kvikunni og er miðaverð **1.000 kr.**

Haustkransagerð með Guggu
Lærðu að útbúa þinn eigin haustkrans undir leiðsögn Guggu í Blómakoti **22. og 23. september kl. 20.00.** Þátttakendur eru hvattir til að koma með greinar, lyng, mosa og ber til þess að nota. Námskeiðs- og efnisgjald er **3.500 kr.** og greiðist á staðnum.

Smiðjudagur í Kvikunni
24. september verður smiðjudagur í **Kvikunni milli kl. 10.00 og 12.00.** Þá verður Kvikan opin börnum á grunnskólaaldri sem geta unnið sjálfstætt að sinni listsköpun. Ekki verður boðið upp á gæslu.
→ Fylgist með á kvikan.is

Hversu ríkur er Jóakim frændi?
Dagana **27. september til 1. október** keppast nemendur í 4.-7. bekk um að giska á hversu margar krónur verða í peningatanki Jóakims frænda sem komið verður fyrir á **Bókasafni Grindavíkur.**
Sá eða sú sem kemst næst réttri upphæð fær myndasögusyrpu í verðlaun.

Menningarverðlaun Grindavíkur
Menningarverðlaun Grindavíkur verða afhent í **Kvikunni** þann **29. september kl. 17.30.** Verðlaunin eru veitt árlega sem viðurkenning fyrir eftirtektarvert framtak á sviði lista og/eða menningar.

Mín leið gegnum sjálfmyndarkrísu, streitu og eyðileggingu egósins
Björgvin Páll Gústavsson mætir í **Kvikuna 6. október kl. 17.00** og segir frá á hreinskilinn og persónulegan hátt frá áratuga feluleik sem varð til þess að hann hrundi líkamlega og andlega og bataferlinu sem enn stendur yfir.

Sjálfbærar byggingar í Grindavík
Arkitektinn Davíð Ingi Bustion kynnir meistaraverkefni sitt í **Kvikunni 13. október kl. 17.00.** Verkefnið snýr að byggingu sjálfbærra húsa í Grindavík.
Að kynningu lokinni má búast við áhugaverðum umræðum um þróun byggðar í sveitarfélaginu.

Safnahelgi á Suðurnesjum

Hin árlega Safnahelgi á Suðurnesjum fer fram **16. og 17. október**. Helgin er uppfull af skemmtilegum uppákomum og viðburðum um allan Reykjanes-skagann. Söfn, setur og sýningar á Suðurnesjum opna dyr sínar fyrir íbúum og gestum svæðisins.
➞ Fylgstu með á safnahelgi.is

Smiðjudagur í Kvikunni

18. og 19. október verða smiðjudagar í **Kvikunni milli kl. 10.00 og 12.00**. Þá verður Kvikan opin börnum á grunnskólaaldri sem geta unnið sjálfstætt að sinni listsköpun. Ekki verður boðið upp á gæslu.
➞ Fylgstu með á grindavik.is

Staðbundið veðurfar í Grindavík

Veðurfræðingurinn Einar Sveinbjörnsson segir frá og ræðir við gesti **Kvikunnar 20. október kl. 20.00** um einkenni veðurlags í Grindavík. Þá fjallar hann um hvaða gagn má hafa af veðurspám og hvernig þekking fólks á staðbundnu veðri getur aukið gagnsemi þeirra.

Búh! Hrekkjavaka á bóksafninu

Í hrekkjavökuvikunni, **25. — 29. október** verður Bókasafn Grindavíkur skreytt í anda hrekkjavökunnar og draugar gamalla sundlaugavarða fara á kreik. Draugasögur verða áberandi á safninu auk þess sem nemendum í 4.-7. bekk býðst að fara í feluleik í myrkrinu.

Alþjóðlegi bangsadagurinn

Kvikan breytist í bangsaspítala í tilefni af alþjóðlega bangsadeginum, **27. október**. Börn mega koma með bangsa eða dúkku að heiman og hitta heilbrigðisstarfsfólk. Bangsinn verður læknaður eftir því sem við á þ.e. settar umbúðir, plástrað, saumað o.frv.

Draugahús Þrumunnar

Félagsmiðstöðin Þruman leggur **Kvikuna** undir sig og setur upp draugahús í tilefni af hrekkjavöku. Húsið verður opið almenningi **3. nóvember**.
➞ Fylgstu með á kvikan.is

Villibráðarhelgi á Fish House

Haustið er tími villibráðarinnar. Kári á FishHouse útbýr einstakar kræsingar sem munu renna ljúft niður **5. og 6. nóvember**.
Stebbi Jak og Haffi sjá um tónlistina. Búast má við töfrandi stemmningu með ljúfengum mat og meiriháttar tónlist.

Pólskur dagur

10. nóvember verður pólskur dagur í Kvikunni. Þar gefst tækifæri til að kynnast pólskri menningu, hittast, spjalla og kynnast.
➞ Nánar auglýst síðar á kvikan.is

Norrænn bókmenntaarfur

Í Norrænni bókmenntaviku, **15. — 21. nóvember**, er leitast við að efla lestrargleði og breiða út norrænar bókmenntir á Norðurlöndum og nágrannalöndum. **Bókasafn Grindavíkur** mun bjóða börnum upp á upplestur úr norrænum bókum.

Smiðjudagur í Kvikunni

23. nóvember verður smiðjudagur í **Kvikunni milli kl. 10.00 og 12.00**. Þá verður Kvikan opin börnum á grunnskólaaldri sem geta unnið sjálfstætt að sinni listsköpun. Ekki verður boðið upp á gæslu.
➞ Fylgstu með á kvikan.is

Dagur íslenskrar tungu

Dagur íslenskrar tungu er haldinn hátíðlegur **16. nóvember** ár hvert, á fæðingardegi Jónasar Hallgrímssonar. Bókasafn Grindavíkur notar daginn til að kynna nýja og gamla íslenska höfunda fyrir lánþegum.

Bókasafn Grindavíkur

KVIKAN MENNINGARHÚS

Eldgosið sem varð á

Náttúruhamfarir standa nú yfir í Grindavík í formi dyngjugoss. Enginn veit hversu lengi það mun vara en yfir 130.000 manns hafa lagt leið sína að gosinu samkvæmt mælaborði ferðaþjónustunnar. Margir fara vikulega, jafnvel daglega upp að gosinu til að sjá allar þær breytingar sem eru að eiga sér stað á hverri stundu með hraunflæðinu.

Þann 19. mars síðastliðinn var blað brotið í grindvískri jarðsögu þegar eldgos hófst í Geldingadölum, hið fyrsta á sögulegum tímum á Reykjanesskaga. Jarðskjálftahrina hafði staðið yfir á Reykjanesi um þriggja vikna skeið samfellt fyrir gos en aðdragandi eldgossins hafði verið 14 mánaða ókyrrð í flekaskilum á Reykjanesskaga sem hélt vöku fyrir mörgum, ef ekki flestum Grindvíkingum.

Gosið kom úr kvikugangi sem var um 5 km langur og náði frá Keili að Fagradalsfjalli. Kvikan sem fyrst kom upp tróð sér fyrst leið upp í Geldingadölum við austanvert Fagradalsfjall nærri Stóra-Hrúti. Talað hefur verið um að eldgosið sé dyngjugos en slíkt gos hefur ekki sést á Íslandi frá því um lok ísaldar.

Kvikan kemur langt neðan úr iðrum jarðar, út möttlinum sem er í um 17-20 km dýpi. Tegund hraunsins sem rennur nú um svæðið kallast helluraun. Það sem hefur verið talið óvenjulegt við þetta gos er að með tímanum hefur yfirleitt dregið úr gosvirkninni en það hefur aukist í gosinu í Geldingadölum.

Ekki hefur gosið á Reykjanesi í yfir 800 ár og talið að ekki hafi gosið í Fagradalsfjalli í um 6000 ár. Margir hafa talað um að nú sé skaginn vaknaður og búast megi við röð jarðelda á næstu árum eða áratugum.
Þegar þetta er skrifað hefur mælaborð ferðaþjónustunnar talið rúmlega 130.000 gesti á gosslóðinni. Þetta án efa mest sótti „viðburður“ Íslandssögunnar, þar sem í tæpa tvo mánuði þurfti ekki að greiða krónu fyrir. Nú þarf aðeins þarf að greiða gjald fyrir að leggja bíl á stæðin sem búið er að útbúa til að anna þeirri umferð sem fer um svæðið.

Margar ótrúlega flottar myndir hafa birst á netinu og meðfylgjandi eru teknar af netinu, flestar á Facebook og höfundar getið undir hverri mynd.


Þegar hraunflæðið jókst skyndilega ofan í Nátthaga kvöldið 14. júní 202. Mynd: Styrmir Geir Jónsson


Að morgni 15. júní 2021 tók Páll Guðjónsson þessa mynd yfir gosstöðvarnar sem sýnir vel hraunflæðið og Grindavík.

Mynd tekin á ágústkvöldi 20. ágúst frá Kópavogskirkju. Mynd: Guðjón Ottó Bjarnason

Rennslið í Nátthaga 25. ágúst. Mynd: Hjálmar Árnason

Hraunrennslið í öllu sínu veldi í lok júní. Skjáskot af útsendingu Vísis.

að Fagradalshrauni

„Þegar hraunrennslið sést orðið úr byggð áttar maður sig á því fyrir alvöru hvað þetta er nálægt okkur Grindvíkingum. Ætla vona að landsmenn fyrirgefi okkur það þó við ýtum upp nokkrum görðum til að kanna hvaða áhrif er hægt að hafa á hraunrennslið.“ Þetta skrifaði Grindvíkingurinn Ómar Davíð Ólafsson á Facebook síðu sinni um leið og hann birti þessa mynd af tröppunum á heimili sínu Bjarmalandi, austur í hverfi.

Ómar Davíð ásamt eiginkonu sinni Berglindi Benónýsdóttur og þremur börnum fyrir utan heimili þeirra sl. sumar

Strókar mörghundruð metra upp í loft

Strókavirknin í gosinu var um tíma mikil í apríl og maí en datt svo niður 8. maí og þá var jafnt flæði út gígnum. Þegar virknin var sem mest var talið að strókurinn hafi náð 300-400 metra upp í loft, en til samanburðar er Hallgrímskirkja um 75 metra há. Svo hátt náðu strókarnir að þeir sáust vel frá öllu Reykjanesi og höfuðborgarsvæðinu. Myndirnar hér fyrir neðan hægra megin voru teknar út um gluggan á bæjarskrifstofum Grindavíkur.

Hérna má sjá gíginn eftir að stókavirkninn hætti. Kvikan safnast saman og myndar þessa bullandi eldlaug. Ef vel er að gáð má sjá aðra gíga sem hafa kulnað. Mynd: Helgi Jóhann Hauksson.

Horft norðaustur eftir þar sem sjá má kvikustreymið renna í Nátthaga.

Mynd sem Guðbjartur Agnarsson tók við Bjarmaland þremur dögum eftir að eldgos hófst, 22. mars 2021. Myndin vakti mikla athygli og var m.a. birt á RÚV.

Vonar að eldgosið hafi jákvæð áhrif á nærumhverfið og stuðli að frekari uppbyggingu á svæðinu

Landeigendur Hrauns voru mikið í sviðsljósinu eftir að eldgos hófst í Geldingadölum í Fagradalsfjalli í mars. Formaður landeigendafélags Hrauns er Grindvíkingurinn Sigurður Guðjón Gíslason. Hann segir annasaman tíma hafa tekið við eftir að gos hófst enda allar ákvarðanir sem teknar voru á svæðinu bornar undir landeigendur.

Sigurður Guðjón Gíslason er formaður landeigendafélags Hrauns en hann er fæddur og uppalinn Grindvíkingur. Hann er trúlofaður Ingu Guðlaugu Helgadóttur og eiga þau saman þrjú börn.

Við fengum Sigurð til að svara nokkrum spurningum en landeigendur Hrauns fengu eins og kunnugt er eldgos í fangið í mars síðastliðinn. Hann segir að engan hafi órað fyrir því að þarna færi að gjósa fyrr en nokkrum vikum fyrir gos þegar kvikugangur fór að myndast og kvikan tók að nálgast yfirborðið.

Í eigu fjölskyldunnar frá því fyrir 1900

Jörðin Hraun hefur verið í eigu fjölskyldu Sigurðar síðan vel fyrir aldamótin 1900 en landamerkjabréfi um núverandi eignamörk var þinglýst árið 1890.

Sigurður er sem fyrr segir formaður landeigendafélagsins að Hrauni. Fyrstu vikurnar eftir að gos hófst voru mjög annasamar. „Þetta hefur eiginlega bara verið geðveiki. Gosið setti í gang hringiðu sem landeigendur sjá í raun ekki fyrir endann á í dag. Landeigendur þurfa eðlilega að koma að nánast öllum ákvörðunum á gossvæðinu bæði til skemmri og lengri tíma. Það er óhætt að segja að þetta sé búinn að vera langur rússíbani en mikill skóli á sama tíma."

Jörðin til sölu

Í vor var rætt um að jörðin Hraun væri mögulega föl fyrir rétt verð. Hvað finnst þér um að útlendingar megi kaupa íslenskar jarðir? Myndirðu vilja sjá land Hrauns frekar fara til Íslendinga en útlendinga? „Þetta er auðvitað mjög viðkvæmt umræðuefni en hvað mig persónulega varðar og jörðina okkar þá spila talsverðar tilfinningar líka inn í

Sigurður G. Gíslason, formaður landeigendafélags Hrauns.
Mynd: Vísir

málið og ég horfi því til fleiri hluta eins og t.d. hvað ætlar mögulegur kaupandi að gera á svæðinu osfrv.

Er til verðmat á landinu pr. hektara?

„Nei það hefur ekki verið gert verðmat á landið en það eru eðlilega til mörg viðmiðunarverð en bilið milli hæsta og lægsta verðs er eðlilega mikið."

Fyrir utan hraunflæðið hefur ásýndin breyst mikið með nýjum slóðum og niðurtroðnu landi?

„Já ágangurinn hefur auðvitað verið mikill og mikið af nýjum förum í kringum svæðið. Það sýnir aftur mikilvægi þess að byggja upp innviði á svæðinu til að ná betri tökum á stýringu gesta á svæðinu og vernda þannig ósnortna náttúruna eins og hægt er."

Hvað finnst þér jákvæðast við eldgosið? „Það er auðvitað gaman hvað þetta hefur hlotið mikla athygli hérlendis og erlendis og veitt mörgum gleði."

Hvað hefur verið hvimleiðast? „Mikil vanvirðing aðila gagnvart náttúruverndarlögum fyrstu daganna eftir gos - þetta er sem betur fer að komast í betra horf."

Sigurður segist að lokum vona að eldgosið hafi jákvæð áhrif á nærumhverfið og stuðli að frekari uppbyggingu á svæðinu á næstu misserum.

Sigurður ásamt konu sinni og börnum þegar sá elsti fékk borgaralega fermingu í fyrra.

„Það eru náttúrulega forréttindi að geta lifað á þjálfun, tónlist, myndlist og dansi.“

Pálmar Örn Guðmundsson þekkja flestir Grindvíkingar en hann hefur t.a.m. verið sagður einhver fjölhæfasti Grindvíkingurinn um þessar mundir. Pálmar hefur undanfarinn áratug málað myndir sem hafa vakið mikla athygli. Nýlega snéri Pálmar sér þó aðeins frá náttúrumyndum og hóf að mála andlitsmyndir af þekktum Íslendingum.

Gísli Marteinn Baldursson

Vigdís Finnbogadóttir



Jóhannes Felixsson, betur þekktur sem bakarinn Jói Fel

Ásamt því að mála hefur Pálmar fengist við tónlistarsköpun og flutning, þjálfað knattspyrnu og kennt salsadans. Myndlistarferill hans spannar nú áratug og af verkum hans að dæma hefur hann vaxið mikið með tímanum.

Hvernig myndir þú lýsa þróun þinni sem listmálara? Hvert var upphafið og hvar ertu nú?

„Upphafið má rekja til ársins 2009 þegar ég málaði mynd til að hengja fyrir ofan sófann heima hjá mér. Ég tók mynd af verkinu og setti á Facebook sem þá var frekar nýtilkomið. Ég fékk einhver viðbrögð og sá þarna væru tækifæri. Það var hvatning til að mála meira og áður en ég vissi af var ég búinn að halda mína fyrstu sýningu og selja mitt fyrsta verk. Á þessum 10 árum fór þetta úr því að vita ekkert hvað ég ætlaði að mála í það að vera með mjög skýra sýn hvaða viðfansefni ég vil setja á strigann. Einnig er ég orðinn miklu betri í allri tækni. Í dag er ég kominn á nokkuð góðan stað með myndlistina en finnst ég þó eiga eftir að komast enn lengra með hana.“

Hvernig kom það til að þú fórst að mála andlitsmyndir af frægu fólki?

„Ég sá Jóa Fel út um allt með portrettverk sem hann hafði verið að gera af þekktu fólki. Mér fannst áhugavert hvernig hann var allstaðar með málverkin sín. Hann var á netinu, í sjónvarpinu og útvarpinu. Þá fékk ég þá hugmynd að mála mynd af honum. Mér fannst það skemmtileg hugmynd. Ég gerði mér líka vonir um að þetta myndi vekja athygli á mér sem listamanni. „

Af hverju þetta fólk?

„Ég málaði fyrst Jóa Fel eins og fyrr segir til gamans og til að fá athygli. Síðan málaði ég Gísla Martein til að reyna komast í sjónvarpsþáttinn sem misheppnaðist alveg því að þátturinn fór akkúrat í sumarfrí þegar ég kláraði verkið. Vigdís var sú fyrsta sem kom upp í hugann þegar ég ákvað að mála mitt fyrsta portrett verk af konu. Síðan málaði ég Jónas Hallgrímsson því ég fékk hugmynd að reyna skapa raunveruleikamynd af honum út frá teikningu sem til er af honum. „

Hvernig er að lifa á listinni?

„Það gengur bara fínt. Ég get reyndar ekki lifað af myndlistinni einni og sér og þar er frekar langt í land. Hinsvegar með öðru gengur þetta bara upp. „Það eru náttúrulega forréttindi að geta lifað á þjálfun, tónlist, myndlist og dansi.“

Pálmar Örn Guðmundsson

Næstu verkefni?

„Ég var búinn að taka nýja stefnu í myndlistinni þar sem ég var að fókusera á náttúruna. Ég ætla hvíla mig aðeins á portrett verkunum núna og taka aftur upp þráðinn þar.“

Pálmar notar mikið Instagram fyrir myndlistina og tónlistina. Áhugasamir geta fundið hann þar. Annarsvegar palmargudmundsson og palmartrubbi.



Upprunalega myndin af Jónasi Hallgrímssyni skáldi og svo verk Pálmars

Mikilvægt að allt samfél menntun un

Guðbjörg Málfríður Sveinsdóttir hefur verið stjórnandi við Grunnskóla Grindavíkur undanfarinn áratug, fyrst sem aðstoðarskólastjóri og síðan sem skólastjóri. Guðbjörg hefur unnið við kennslu og stjórnun í fræðslugeiranum í rúm 40 ár og fer nú á eftirlaun samkvæmt svokallaðri 95 ára reglu, þar sem starfsaldur og lífaldur ná samanlagt 95 árum.

Guðbjörg er fædd og uppalin í Reykjavík og bjó um tíma í Vogunum en frá 18 ára aldri hefur hún búið í Njarðvík. Guðbjörg er gift ljósmyndaranum Oddgeiri Karlssyni en þau eiga tvö börn og tvö barnabörn.

Hvað hefur verið ánægjulegast þegar þú lítur yfir farinn veg?

Þegar ég lít yfir farinn veg er margt sem kemur upp í hugann. Það ánægjulegasta er að hugsa til allra þeirra nemenda og samstarfsmanna sem ég hef unnið með. Það er mjög gefandi að vinna með kröftugu fólki að spennandi verkefnum. Ég hef verið mjög heppin með samstarfsfólk og eignast marga vini og kunningja í gegnum starfið. Ég tel mig heppna að hafa fengið tækifæri til að vinna í Grunnskóla Grindavíkur. Það hefur verið mjög svo ánægjulegt og gefandi að kynnast þessu samfélagi og ég hef reynt að leggja mitt af mörkum til að efla skólastarfið.

Guðbjörg heldur sína síðustu ræðu sem skólastjóri Grunnskóla Grindavíkur við skólaslitin í vor.

Langaði þig alltaf til að starfa á sviði menntamála?

Nei mig langaði ekki alltaf að vinna á sviði menntamála. Hugur minn stefndi að viðskiptatengdu námi og ég er útskrifuð stúdent af viðskiptabraut. En tilviljanir eru margar í lífinu og þegar ég var 18 ára nemi í FS þá var ég beðin að taka að mér kennslu í vélritun og bókhaldi sem valgrein í Njarðvíkurskóla. Þá fór boltinn að rúlla og þessi reynsla varð til þess að ég sótti um nám við Kennaraháskóla Íslands.

Hvað finnst þér til fyrirmyndar í íslensku skólakerfi?

Það er endalaust hægt að velta fyrir sér íslensku skólakerfi, kostum þess og göllum. Það sem mér finnst til fyrirmyndar eru störf kennara. Það fjölbreytta og óeigingjarna starf sem kennarar sinna finnst mér stórkostlegt. Starf kennara hefur breyst mikið og í dag snýst starfið ekki eingöngu um kennslu heldur líka að ýmsum þáttum varðandi atferli og umönnun nemenda. Það hefur verið gaman að fylgjast með margskonar kennsluaðferðum og tækninýjungum. Það er svo margt gert í skólakerfinu í dag til að koma til móts við ólíka nemendur. Bæði miða kennsluhættir að því að allir fái að njóta sín og einnig sú fjölbreytta stoðþjónusta sem veitt er í grunnskólunum.

Hvað mætti bæta?

Grunnskólastarf er aldrei komið á endapunkt, það er alltaf í stöðugri þróun. Það þarf alltaf að vera að endurmeta og skoða árangur og gæði. Hér í Grunnskóla Grindavíkur erum við á hverju ári að skoða störf okkar og meta hvort við séum að gera eins vel og við getum. Mikilvægt

Guðbjörg Málfríður Sveinsdóttir

er að allt samfélagið leggi metnað sinn í menntun unga fólksins og að það sé mikil hvatning til nemenda um að standa sig vel í námi. Lestur er undirstaða alls og því verður alltaf að vera áhersla á lestur, bæði í skóla og heima. Þar þurfa foreldrar, ömmur og afar að vera góðar fyrirmyndir því það læra börnin sem fyrir þeim er haft.

Ertu á því að leggja eigi fyrir samræmd próf með þeim hætti sem nú er gert?

Eitthvert samræmt mat tel ég vera ágætt. Formið á samræmdu prófunum hefur verið til umfjöllunar í mörg ár. Ég hallast mest að því að nemendur eigi að fara í samræmt próf þegar þeir eru tilbúnir til þess. Ég tel mikilvægt að það sé ákveðið svigrúm þannig að kennarar og foreldrar komi að ákvörðun um það hvenær nemandi er tilbúinn í slíkt próf. Það á að vera tekið á einstaklingsforsendum en á ekki eingöngu að miðast við aldur nemenda.

agið leggi metnað sinn í
nga fólksins

10. V útskrifaðist í vor en umsjónarkennari þeirra var Valdís Kristinsdóttir

10. A er hér ásamt umsjónarkennara sínum Önnu Þórunni Guðmundsdóttur

Heillaráð til þess sem tekur við keflinu?

Þetta er síðasti veturinn sem ég er skólastjóri við Grunnskóla Grindavíkur þar sem ég er að fara á eftirlaun. Efst í huga mínum er þakklæti til allra sem ég hef unnið með, nemenda, starfsmanna og foreldra. Grunnskóli Grindavíkur er góður skóli í góðu samfélagi. Góður grunnskóli er skóli þar sem metnaður ríkir og faglegt starfsfólk leitar leiða í samvinnu við nemendur og foreldra til að gera gott skólastarf enn betra. Grunnskólinn skiptir miklu máli í lífi barna, foreldra og alls samfélagsins. Okkur hefur tekist að vinna frábært starf undanfarin ár. Þetta hafa verið tímar breytinga, ný skólanámskrá með breyttu námsmati, breyttir kennsluhættir og miklar tækninýjungar. Starfsfólkinu hefur svo sannarlega tekist að gera það besta á Covid tímum þegar aðstæður til skólastarfs voru mjög erfiðar. Ég veit að sá sem tekur við keflinu tekur við góðu búi þar sem hér starfar faglegt og kröftugt starfsfólk. Foreldrahópurinn og samfélagið allt vinnur vel með skólanum og svo eru það auðvitað okkar flottu nemendur. Mikilvægt er að allir haldi áfram að vinna saman að uppbyggingu skólastarfsins til heilla fyrir nemendur.

Ég vil að lokum óska öllum sem koma að starfinu í Grunnskóla Grindavíkur alls hins besta.

Guðbjörg ásamt starfsfólki sínu við Grunnskóla Grindavíkur, vorið 2017 þegar hún gegndi stöðu aðstoðarskólastjóra. Guðbjörg er 6. f.v. í miðröðinni.

Útskriftarverkefnið á kvikmyndahátíðina í Cannes

Grindvíkingurinn Óskar Kristinn Vignisson hefur verið að gera magnaða hluti eftir að hann lauk námi sínu í leikstjórn við danska kvikmyndaskólanum The National Film school of Denmark. Námið stundaði Óskar Kristinn í 4 ár en hann býr núna í Kaupmannahöfn ásamt kærustu sinni Hildi Berglindi Arndal og syni þeirra Bjarti 2 ára. Óskar Kristinn upplifði kvikmyndadrauminn á rauða dreglinum í Cannes í vor.

Óskar Kristinn Vignisson útskrifaðist í vor úr danska kvikmyndaskólanum sem leikstjóri.

Þrátt fyrir mörg stór verkefni séu tengd námi og útskrift Óskars segir hann sitt allra stærsta verkefni hafa verið að eignast lítinn strák ásamt kæstustu sinni Hildi Berglindi.

„En fyrir utan það þá er það útskriftarmyndin mín Frjálsir Menn eða Frie mænd á dönsku. Það voru hátt í 100 manns komu að myndinni á einn eða annan hátt. Við vorum 30 manns á setti og miklir peningar í spilunum en myndin er það stærsta sem ég hef haft ábyrgð á hingað til og virkilega gaman.“

Hvernig var að vera á kvikmyndahátíðinni Cannes í Frakklandi?

„Það var auðvitað algjörlega magnað að fá að upplifa hátíðina með sína eigin kvikmynd. Ég fór með kærustunni minni Hildi og „crewinu“ úr skólanum og við skemmtum okkur konunglega.
Frakkar taka kvikmyndagerð mjög alvarlega og passa vel upp á leikstjórana þannig þetta var mikill lúxus og ótrúlegt ævintýri sérstaklega eftir að hafa verið fátækur námsmaður í 4 ár. Það var ekki hægt að enda kvikmyndaskólann á betri veg og fá að byrja ferilinn þarna.

Hvert er draumaverkefnið?

„Það væri að gera leikna 10 þátta seríu sem gerist Grindavík fyrir 30-40 árum síðan. Böllin í Festi, sjómennskan og harkið. Fanga stemninguna með húmor og drama. Það er hugmynd sem ég er búinn að ganga með í maganum í mörg ár.“

Hvað er á döfinni?

Ég er að vinna að minni fyrstu mynd í fullri lengd sem er hálfgert framhald af útskriftarmyndinni minni og fjallar um tvo vitleysinga sem koma sér í alls kyns klandur. Þetta er grínmynd með fullt af skemmtilegum senum og karakterum. Þar af auki er ég að byrja á tveimur handritum sem eru fyrir Ísland og get vonandi byrjað að skjóta eftir 3-4 ár. Ég komst inn í keppni á vegum norræna kvikmyndasjóðsins (New Nordic Talent) með fyrstu myndina mína sem ég er búinn að vera vinna að. Núna er ég bara að velja framleiðanda hér í DK og skrifa handrit á fullu.

Plakat myndarinnar Fire Mænd

Megum við eiga von á mynd frá þér sem fjallar um Grindavík á einn eða annan hátt?
Án þess að segja of mikið þá er ég að vinna að heimildarmynd um Grindavík sem verður vonandi tilbúin á næsta ári.

Hvað er það besta við Grindavík?
Úff, listinn er langur. Það er auðvitað rokið og náttúran, sundlaugin, höfnin og öfluga íþróttastarfið sem á sér stað. Björgunarsveitin og allt þetta góða fólk sem maður sem maður hittir í búðinni eða sundlauginni. Það er aldrei eins gott að koma heim eins og þegar maður er búinn að vera lengi í burtu. Grindavík verður alltaf bærinn minn eins og einhver sagði.

Hvernig var að vera titlaður næsti Baltasar Kormákur?
Ég tek því auðvitað ekki alvarlega en það var bara fyndið að vera spurður af því að því hjá fréttamanninum hjá Vísi. Ég tek því bara sem hrósi.

Á bak við upptökuvélina

Óskar Kristinn ásamt kærustu sinni Hildi Berglindi á kvikmyndahátíðinni í Cannes í vor

Helga Kristjánsdóttir við eitt af verkum sínum af eldgosinu í Fagradalsfjalli. Verkið er pöntun erlendis frá en þaðan koma fjölmargar pantanir.

Fór að mála á kvöldin þegar allir voru sofnaðir

Helga Kristjánsdóttir er Grindvíkingum vel kunnug enda hafa listaverk hennar hlotið verðskuldaða athygli, bæði meðal bæjarbúa sem og annarra. Helga hlaut nafnbótina Bæjarlistamaður Grindavíkur árið 2016 en hún hefur bæði haldið fjölmargar einkasýningar og tekið þátt í samsýningum, m.a. í Menningarviku Grindavíkur.

Helga steig sín fyrstu spor í myndlistinni 1995 í Myndlistaskóla Reykjavíkur og síðar í Myndlistaskólanum í Kópavogi. Þá tók hún þátt í Master Class hjá Bjarna Sigurbjörnssyni. Árið 2002 flutti hún til Barcelona og lærði þar málaralistina í Escola Masssana centre d'Art Disseney. Hún tók einnig þátt í vinnustofum með Cynthia Packard í Boston 2008 og með Serhiy Savchenko í Úkraníu 2010.

Árið 2015 fór Helga til Slóveníu til að læra grafík hjá Eduard Belsky og Vasil Savchenko. Í framhaldi af því var henni boðið að taka þátt í myndlistarviku og samsýningu með listamönnum frá 10 þjóðum sem var haldin í júní 2015. Þá rak Helga Art Gallery 101 á Laugarvegi 44 með 13 konum. Vinnustofa Helgu er að Vörðusundi 1 í heimabænum Grindavík.

Helga hreyfst snemma af abstrakt málaralist og hefur einbeitt sér að kröftugum og litríkum verkum, innblásin af krafti íslenskrar náttúru og landslags. Hún hefur aðallega unnið með olíu á striga en einnig með önnur form.

Helga Kristjánsdóttir var útnefnd Bæjarlistamaður Grindavíkur árið 2016 og er hér við eitt af fjölmörgu verkum sínum á vinnustofu sinni við Vörðusund 1.

„Ég byrjaði í Keflavík hjá Reyni Katrínar, sem er listamaður en hann var með námskeið í svarta pakkhúsinu og svo fór ég í teikningu í Myndlistaskóla Reykjavíkur þar sem við lærðum að teikna með blýanti, skyggja og svona. Þaðan fór ég svo í Myndlistaskóla Kópavogs og ílengdist þar, en það var Svanborg Matthíasar sem kenndi mér allt í grunninn og mér fannst svo gaman að læra hjá henni. Æðislegur kennari með myndbygginguna og formin og allt þetta. Svo þegar ég var búin að vera hjá henni í 2-3 ár þá sagðist hún ekki geta kennt mér meira og sagði að ég yrði að fara

áfram eitthvað annað. Þá fór ég til annars kennara sem heitir Bjarni Sigurbjörnsson, hann var meira svona abstrakt, hann elskaði að vera með stóra pensla og stóra striga og þaðan fór ég að gera það. Nota sveifluna. Ég var alltaf að vesenast við að mála inni í eldhúsinu þegar ég var fyrst að byrja. Þegar allir voru sofnaðir þá fór ég að mála.

Helga heldur mikið upp á myndirnar sem hún byrjaði að gera. „ það er svo gaman að eiga þessar myndir því maður getur svo vel séð hvernig maður hefur þróast.“ Helga dregur fram sínar allra fyrstu myndir sem hún gerði áður en hún hóf nám í myndlistinni. Blaðamaður óskar eftir að fá að taka mynd af verkunum en á sama tíma segir Helga að þetta sé nú alveg hræðilegt. Við samþykktum að taka ekki myndir af verkunum. „Þetta er eignlega það versta sem ég hef séð“ segir Helga hlæjandi. Blaðamaður segist nú ekki geta skilað slíku verki þó hún myndi leggja sig alla fram við vinnuna.

Kennarinn minn sagði við mig að maður væri ekki alltaf að gera meistaraverk. Ef maður væri ósáttur við framganginn þá ætti maður bara að snúa striganum við og vinna áfram með hana. Svo kom kennarinn og fór að fikta í myndinni og eiginlega eyðilagði hana þannig að maður var næstum gráti nær“ segir Helga og skellir upp úr.

Helga segist oft ekkert vera búin að sjá fyrir sér hvað hún ætlar að mála þegar hún byrjar. Aðspurð hvort hún hugsi verk sín út frá einhverjum upphafspunkti eða miðju segir hún svo ekki vera hjá sér. „Ég byrja bara rosalega oft uppi í hægra horninu á himninum. Ég skil ekki út af hverju. Oft byrja ég á því að rissa upp með kolum því þau hverfa svo bara, en ég er aldrei með neina „díteila“. Svo hef ég mjög gaman af því að mála stundum svona

fígúrur.“ Helga á stórt safn af myndum eftir sjálfa sig og það er áhugavert að sjá hvernig hún hefur þróast og vaxið sem myndlistakona.

Mikið af pöntunum erlendis frá

Helga segist frá mikið af pöntunum. „Í fyrra komu t.d. eldri íbúar frá Bandaríkjunum sem höfðu verið að ferðast um Ísland um jólin, þau pöntuðu norðurljósamynd“. Helga segist líka stundum fá óskir sem hún geti ekki orðið við. T.a.m. að bæta við ákveðnum fuglum eða gera málverk eftir mjög „photoshoppaðri“ mynd. „Þá segi ég bara nei, því það bara passar ekki. Fólk getur beðið um eldgos, norðurljós eða fjöll, en ég verð að fá að leika mér með það annars er ég ekkert ánægð.“ Helga segist oft mála verk 3-4 sinnum yfir sama strigann og þá komi oft meiri karakter í myndina og meiri dýpt. Það fer í taugarnar á mér ef það sést í hvítan strigann einhvers staðar. Sumum finnst það í lagi en það er ekki minn stíll.

Mest selt af 30x30 eða 40x40

Langflestar myndir sem Helga selur eru í stæðunum 30x30 cm eða 40x40 en það er hentug stærð fyrir útlendinga að taka með sér. Hún segir að Íslendingarnir sé að koma mjög sterkir inn núna, hún fái reglulega beiðnir frá fólki um hvort það megi koma og kíkja á hana, yfir helgi og skoða verkin hennar.

Ekki ákveðinn opnunartími

Helga er ekki með ákveðinn opnunartíma, hún opni þó vinnustofuna óski fólk eftir að fá að koma. „Ég hef stundum verið með svona opna vinnustofu og þá hef ég auglýst hana sérstaklega. Þá er ég með opið frá 13-18 í svona fjóra daga. Og það finnst öllum rosalega gaman að koma hingað. Fólk sem hefur aldrei komið áður segist allt í einu fá þörfina fyrir að byrja að mála þegar það kemur hingað inn.

Sterkur karakter á vinnustofunni

„Fyrst þegar ég byrjaði hérna þá var gólfið rosalega fínt og veggirnir líka. En svo hætti ég bara að pæla í þessu. Vinnustofa er vinnustofa.“

Vinnustofa, gallerý og sölusýningar

Ásamt því að vera með vinnustofuna við Vörðusund er Helga einnig með gallerý á Laugarveginum ásamt fleira listafólki. Þá hefur hún sett upp fjölda sölusýninga en nú er hún með verk uppi á veitingahúsinu Salthúsinu. Ég hef verið þar í 2-3 ár og skipti reglulega út. Ég hef líka verið með myndir í Domus Medica.

Barnabarn Helgu fær stundum að kíkja á vinnustofuna með ömmu sinni og ljóst að hæfileikar ömmu Helgu ganga í erfðir.

Tveggja tonna grafíkpressa frá Póllandi

Helga segist hafa mikinn áhuga á að vera grafík en hún keypti í fyrra grafíkpressu frá Póllandi sem hún fékk senda til Íslands þegar skip Vísis hf. Páll Jónsson kom til landsins þaðan. Hún segist ekki hafa verið nógu dugleg að nota hana en listformið sé einstaklega skemmtilegt. „Vinur minn frá Úkraínu býr í Póllandi, hann reddaði þessari pressu fyrir mig, kostaði ekki nema 99 þúsund og er alveg eldgömul. Maður setur liti á álplötu og svo pappír ofan á og svo fer þetta í pressuna og útkoman er mjög skemmtileg.“ Helga segir það gott þegar búið er að vera mikið að gera í olíulitum að fara yfir í eitthvað einfalt eins og grafíkina.

Hefur ekki tölu á verkum sínum

Þegar Helga er spurð að því hversu mörg verk séu á vinnustofunni hennar segist hún ekki hafa tölu á því. Hún telur þau þó hlaupa á einhverjum hundruðum. „Ég fer stundum og kíki á það sem ég á, oft ef mig vantar striga þá nota ég það sem ég á. Sumu byrja ég á, það verður kannski ekkert úr því og þá bara mála ég yfir það nýtt verk. En ég er líka pínu safnari í mér, mér finnst ég alltaf þurfa að eiga nóg. Ég var líka svona þegar ég var í hárgreiðslunni, ég varð að eiga nóg af litum“ og Helga segir að grunnur sinn sem hárgreiðslukona hafi hjálpað sér mikið þegar kom að litunum í myndlistinni. „Já það er ekki spurning, þegar verið er að lita hár, þá er þetta bara litapallettan, ljóst hár tekur öðruvísi við en dökkt hár. Og það er rosalega gaman að skoða þetta. Þegar ég er t.d. að lita himinn hér, sem er oft svo muskulegur hér á Íslandi að þá eru þetta kannski 4-5 litir saman, til að ná honum vel. Það er ekki nógu „djúsí“ að taka bara litinn úr túpunni og byrja að mála, maður verður að vinna aðeins með hann og blanda saman. Og ég blanda yfirleitt alltaf saman litum nema þegar ég er kannski að skella hvítum lit á verkið.“

Innblásturinn kemur bæði úr náttúrunni og bókum

Helga segist ekki alltaf vera í stuði til að mála og ef hana skorti innblástur þá skoði hún bækurnar sem hún á á vinnustofunni. „Ég er kannski búin að skoða bækurnar oft áður en það er eins og ég finni alltaf eitthvað nýtt í þeim. Svo er það auðvitað náttúran, eins og þegar ég er að labba úti í nesi (Hópsnesi) og svona, horfi yfir sjóinn og Þorbjörn, þetta greipast einhvern veginn bara innan í höfuðið, ég þarf ekkert að taka mynd.“

Útsýnið af vinnustofu Helgu

Helga notar fjölmargar aðferðir við listsköpun sína. Verkið sem hún vinnur hér er er bæði notast við vax og logsuðu.

Uppbygging í Grindavík

Það er mikið um að vera í Grindavík þegar kemur að framkvæmdum í sveitarfélaginu. Fjölmargt er í gangi og annað í vinnslu. Má þar nefna viðbyggingu við Hópsskóla sem er langt komin og gatnagerð við nýtt Hlíðarhverfi sem margir bíða spenntir eftir. Í pípunum er undirbúningur að félagsaðstöðu fyrir eldri borgara auk þess sem búið er að hanna nýjan leikskóla sem rísa á í Hlíðarhverfi.

Leikskólinn að utan horft til suðausturs.

Vesturhlið á nýjum leikskóla.

Norðurhlið á nýjum leikskóla.

Útifataherbergi í nýjum leikskóla.

Hópsskóli til norðurs.

Hópsskóli til vesturs.

Nýja byggingin og eldri byggingin horft til suðvesturs.

Félagsaðstaða eldri borgara horft sunnan megin á bygginguna.

Félagsaðstaða eldri borgara horft norðan megin á bygginguna.

Kristinsson og VIGT hlj
Grindavíkur

Menningarverðlaun Grindavíkur voru afhent í lok september í Kvikunni, menningarhúsi Grindvíkinga. Verðlaunin á ár hlutu hönnunarhúsin Kristinsson og VIGT.

Hjónin Ólafía Jensdóttir og Vignir Kristinsson

Vignir Kristinsson er listamaður af guðs náð. Í vöggugjöf fékk hann handverkshendur sem hafa komið honum vel í gegnum tíðina. Vignir hefur þannig frá unga aldri haft ástríðu fyrir smíðum og fallegu handverki. Hann hefur smíðað sér til ánægju, unnið að vönduðum innréttingum og húsgögnum.

Fyrir um tveimur árum reisti Vignir sér verkstæði og sýningarrými í Grindavík. Í pakkhúsinu við Stamphólsveg má finna vörur sem hann hannar og smíðar undir vörumerkinu Kristinsson. Vörumerkið er í dag orðið landsþekkt og vörur hans eftirsóttar. Þær er að finna í helstu hönnunarverslunum á Íslandi.

Hreindýrin, hans þekktasta vara fóru í sölu fyrir um áratug en síðan þá hafa bæst við aðrir hlutir, m.a. leikföng úr við sem eru fallegri, endingarbetri og umhverfisvænni en önnur leikföng.

Að þessu sögðu telur frístunda- og menningarnefnd Vigni vel að verðlaununum kominn.

óta menningarverðlaun
rbæjar 2021

Mæðgurnar í VIGT, f.v. Guðfinna Magnúsdóttir, Hrefna Magnúsdóttir, Hulda Halldórsdóttir og Arna Magnúsdóttir

Mæðgurnar í VIGT hafa ólíka menntun og reynslu en sameina krafta sína við framleiðslu ýmissa muna til heimilisprýði.
Hulda Halldórsdóttir og dætur hennar þær Arna, Hrefna og Guðfinna Magnúsdætur hafa sennilega alla tíð haft áhuga fyrir sköpun og fallegum hlutum enda má með sanni segja að þær hafi lifað og hrærst í heimi innréttinga- og mannvirkjagerðar gegnum fjölskyludfyrirtækið Grindina.
Innblástur að vörunum sem mæðgurnar framleiða sækja þær í hvor aðra, uppruna þeirra og bakgrunn. Megnið af þeim vörum sem VIGT selur er framleiddur á verkstæði Grindarinnar. Vörurnar eru flestar framleiddar í Grindavík og þykja þær hvort tveggja vandaðar og eftirsóttar enda áhersla lögð á einfaldleika, gæði og réttsýni.
Frístunda- og menningarnefnd telur mæðgurnar í VIGT vel að verðlaununum komnar.
Grindavíkurbær óskar aðstandendum Kristinsson og VIGT til hamingju með viðurkenningarnar. Um leið og við þökkum þeim fyrir þeirra framlag til menningarmála í Grindavík hlökkum við til að fylgjast með næstu skrefum þeirra.

Hlíðarhverfi



- E1 — Einbýli, 1 hæð
- R2 — Raðhús, 1 hæð
- P1 — Parhús, 1 hæð
- R3 — Raðhús 2 hæðir
- R1 — Raðhús, 1 hæð án bílskúrs
- F5 — Fjölbýlishús/ keðjuhús, 2–3 hæðir
- F4 — Fjölbýlishús/ keðjuhús, 2 hæðir

Úthlutun lóða í fyrsta áfanga Hlíðarhverfis er áætluð í desember 2021. Fjölmargar tillögur bárust um nöfn í nýju hverfi en bæjarstjórn samþykkti í lok árs 2020 eftirfarandi nöfn: Brattahlíð, Langahlíð, Arnarhlíð, Álftahlíð, Fálkahlíð, Hrafnahlíð, Kríuhlíð, Lóuhlíð, Mávahlíð, Spóahlíð og Súluhlíð.